


Hjúkrunarheimili og tengd mál

Bæjarráð 30. September 2025




Vinna við nýtt hjúkrunarheimili í Vetrarmýri



Vetrarbraut 19

Hjúkrunarheimili á efri hæðum allt að 8.320 fm

Þjónustumiðstöð á jarðhæð allt að 2.530 fm



Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03.2026

Skipulag Vetrarmýrar er frágengið

Miðað er við 90-110 hjúkrunarrými + þjónusturými og u.þ.b. 60 íbúðir fyrir eldri í nágrenni (hugmyndafræði lífsgæðakjarna)
Félagsmálaráðuneyti/heilbrigðisráðuneyti vita af undirbúningi okkar og sjá um útboð á húsnæði og rekstri hjúkrunarheimilis
Viðræður í gangi við ráðuneyti varðandi praktísk mál, engin ákvörðun stjórnvalda komin enn

Stækkun Ísafoldar til skoðunar – fljótverk leið

Hrafnista rekur Ísafold skv. samningi um húsnæði við Garðabæ og rekstrarsamningi við ríkið

Til skoðunar að fjölga hjúkrunarrýmum úr 60 í 64 með breytingum á innanhússskipulagi

Kostnaður Garðabæjar vegna húsnæðisbreytinga upb. 50 mkr. – árlegar viðbótartekjur vegna fjölgunar rýma verða um 10 mkr.

Málið er í nánari rýni í samvinnu við Hrafnistu og ráðuneyti. Verður lagt inn til ákvörðunar á næstu vikum



Fjölgun dagdvalarrýma hefur tafist úr hófi

Í dag eru dagdvalarrými 20, þar af 4 sértæk fyrir heilabilaða

Úrræðið er rekið af Hrafnistu

Umsókn Hrafnistu / Garðabæjar um 10 rými, þar af 4 sértæk, til viðbótar var samþykkt af heilbrigðisráðuneyti 2023

Sjúkratryggingar hafa stöðvað málið vegna samningaþrefs við rekstraraðila

Ráðuneytisstjórar heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis gáfu jákvæð svör um málið nú í september. Verið er að ganga úr skugga um að þessu fylgi nauðsynleg fjárframlög (!)



Þjónusta við þau sem bíða eftir hjúkrunarrými

Tölur frá feb 2025	Fjöldi sem bíða alls	Þar af heima	Þar af í biðrými	Þar af á sjúkrahúsi
HBSV í heild	408	217	71	120
Garðabær	33	15	7	11
GB %	8%	7%	10%	9%



Mikill skortur á hjúkrunarrýmum

Staðan í Garðabæ þokkaleg en 60 rými í sveitarfélaginu er mjög lítið í samanburði við alla aðra

Mikið flækjustig í að þjónusta einstaklinga sem bíða

Nauðsynlegt að samþætta betur milli ríkis og sveitarfélaga

25. febrúar 2025

Þjónusta við þau sem bíða eftir hjúkrunarrými

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Bókun bæjarráðs Garðabæjar:

Bæjarráð Garðabæjar kallar eftir ákvörðunum stjórnvalda um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis í Garðabæ. Loforð sveitarfélagsins um lóð liggur fyrir og allar skipulagsforsendur sömuleiðis. Aðeins 60 hjúkrunarrými eru í dag í okkar vaxandi sveitarfélagi sem telur rúmlega 21 þúsund íbúa.

Þá hvetur bæjarráð yfirvöld til að standa við löngu gefið loforð um 10 ný dagdvalarrými á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Tvö ár eru síðan heilbrigðisráðuneyti heimilaði fleiri rými, sem ekki hefur verið efnt. Garðabær lýsir sig reiðubúinn í samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um mikilvæga samþættingu á heimahjúkrun og heimaþjónustu fyrir eldri íbúa, sem yrði til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar.

Takk fyrir

